

# 328 - Stjórnarfundur LEB 3. mars. 2020

Kl. 11.30-14.30

Mættir: Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Haukur Halldórsson, Ingólfur Hrólfsen, Dagbjört Höskuldsdóttir, Drífa Sigfúsdóttir og Valgerður Sigurðardóttir.  
Fjarverandi Ellert B. Scram og Ólafur Örn Ingólfsson. Þeir komu við fyrir fundinn og voru upplýstir um aðalefni fundarins en voru á leið á annan fund.  
Viðar Eggertsson, starfsmaður LEB sat einnig fundinn.

Fundargerð síðasta fundar. Samþykkt og undirrituð.

## 1. Viðtal við Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra

Þórunn sagði frá fundi með forsætisráðherra, Katrínu Jakobsdóttir sem hún og Valgerður sátu. Ræddu um kjaragliðnun og kjör aldraðra. Fjölgun aldraðra í samféluginu og tölvukennslu aldraðra. Ræddu einnig við hana um sjötíu ára regluna. Katrín sagði að það væri örugglega vilji fyrir því á Alþingi að breyta þessari reglu. Þá fóru fram frekari umræður um þá verst settu í hópum eldri borgara og kom fram hjá henni að hún er okkur sammála. Rætt var um mál sem snúa að heilbrigðismálum. Einnig kom til umræðu fjárhagsleg staða LEB og þörf fyrir stuðning við vinnu við málefni eldra fólks.

## 2. Kjaramálin, nýjar tölur frá TR

Komin eru ný gögn frá Kjaranefnd og Skúla M. Sigurðssyni um tekjubreytingar og hækkanir. Haukur fór yfir þau, verið er að vinna greinagerð og þegar það verði allt komið verður farið í kynningar á niðurstöðum nefndarinnar fyrst í nefnd um „lífskjör og velferð aldraðra „og síðan gæti komið til stærri funda um útreikninga Skúla og fleiri staðreyndir um kjör eldri borga. Skammur tími er til stefnu og verður að vinna hratt.

## 3. Hverjir eru eigendur félaga eldri borgara

Þarf að tilkynna til skattur.is og ganga löglega frá skráningu félaga og félög eldri borgara falla undir það. Búið er að senda til félaganna leiðbeiningar um skráningu.

## 4. Beiðni um fulltrúa í nefnd

- Velferðarráðuneytið óskar eftir fulltrúa í nefnd um nýsköpun og tækni á sviði félagsþjónustu, velferðartækni. Stungið uppá Guðrúnu Ágústsdóttir. Varamaður Dagbjört Höskuldsdóttir.
- Valgerður á erfitt með að mæta á samráðsfundi Tryggingarstofnunar. Dagbjört kjörin í staðinn.

## **5. Beiðni um fund vegna ólíkra viðhorfa til kjaraleiða.**

Vísun í lið 2: Ná samtali við ráðherrana.

## **6. Tillögur laganefndar**

Drífa kynnti tillögur laganefndar. Laganefnd hélt fjóra fundi. Stjórnarmenn voru ánaægðir með vinnu nefndarinnar og styðja meirihlutaálit nefndarinnar. Tillögurnar verða sendar út til félaganna með sex vikna fyrirvara, bæði minnihluta- og meirihlutaálitið.

## **7. Verkefni af stað: Eldri borgarar af erlendum uppruna**

Í fyrramálið verður fundur með Barböru Kristvinsson og Eddu Ólafsdóttir frá Reykjavíkurborg um málefni eldri borgara af erlendum uppruna þar sem ræða á um félagslega einangrun þeirra og vekja athygli á starfsemi sem er í boði fyrir eldri borgara. Það þarf að gera á þrem tungumálum. Þetta verkefni er með styrk frá félagsmálaráðuneytinu.

## **8. Húsnæði LEB; kjör og stærð herbergis**

Engar nýjar fréttir

## **9. Framhaldstölvukennsla – tilboð**

Tilboð kom frá manni sem býður fram tölvukennslu sem er framhald af því sem við höfum verið að gera. Fjarkennsla. Þórunn mun skoða þetta betur og senda upplýsingar. Bæklingarnir sem LEB hefur gefið út hafa kostað 500 kr. Það er ekki nóg til að hafa fyrir kostnaði, samþykkt að hækka í kr 800. Utanfélagsaðilar kr 1000

## **10. Starfslokanámskeið fer í gang í Hafnarfirði**

Búið að halda eitt hjá FEB í Reykjavík og annað verður haldið hjá FEB í Hafnarfirði.

## **11. Ráðstefnur framundan**

Ráðstefnu um öldungaráðin sem vera átti 18. mars nk. hefur er nú verið frestað vegna COVID-19 veirunnar.

Ákvörðun hefur ekki verið tekin enn hvort rétt væri að fresta ráðstefnu LEB um einmanaleika sem fyrirhuguð er 30. mars nk. – v. covid. Verður athugað þegar nær dregur.

## **12. Erindi til LEB**

Engin.

## **13. Landsfundurinn 2020 - undirbúningur**

Við munum halda sjó og stefna á óbreyttan fundartíma, 28. apríl nk. Á Selfossi. En skoðum vel og fylgjumst með útbreiðslu COVID-19. Þórunn og Viðar eru að byrja undirbúning og munu halda áfram ótrauð þar til annað kemur í ljós.

#### **14. Önnur mál**


Stjórnarfundur ákveðinn 26. mars kl. 9.15

Rætt um reglur varðandi greiðslur á ferðakostnaði á Landsfund. Greiddur verði hálfur ferðakostnaður á móti félögunum. Á aðalfundi sitji aðeins réttkjörnir fulltrúar félaganna. En á fræðsluhluta fundarins eru allir velkomnir.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Dagbjört Höskuldsdóttir ritari.

Fundargerð samþykkt á stjórnarfundi 3. apríl 2020 og vottast hér með



Þórunn Sveinbjörnsdóttir formaður